

Fundargerð 37. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2019, föstudaginn 23. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Valdimar O. Hermannsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson boðaði forföll.

Ragnhildur Haraldsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 36. fundar - 1609003SO

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 36. fundar stjórnar samtaka orkusveitarfélaga frá 17.maí 2019.

Fundargerð 36. fundar staðfest af fundarmönnum.

2. Orkufundur 2019 - 1901003SO

Undirbúningur fyrir Orkufund 2019.

Undirbúningur Orkufundar 2019 ræddur.

Stefnt er að því að halda Orkufund í fyrri hluta nóvember 2019, t.d. fimmtudaginn 7. nóvember.

Fundarmenn sammála um að á Orkufundi skuli fjallað um ör- og smávirðjanir frá ýmsum hliðum.

Ása Valdís Árnadóttir mætti á fund kl. 11:20.

3. Noregsferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Undirbúningur vegna fyrirhugaðrar kynnisferðar stjórnar til Noregs.

Starfsmaður samtaka orkusveitarfélaga greindi frá tölvupóstsamskiptum við norsk systursamtök LVK (Landssamanslutninga av Vasskraftkommuner). Fram kom að LVK vill gjarnan taka á móti íslenskri sendinefnd.

Formaður greindi frá samskiptum við tengilið í Zephyr Iceland sem er norskt vindorkufyrirtæki starfandi á Íslandi.

Lagt upp með 2-3 daga ferð þannig að gefist tími til að heimsækja samtökin sem og höfuðstöðvar Zephyr og einhvern vindorkugarð þess sem er staðsettur á vesturströnd Noregs. Gert er ráð fyrir að stjórn samtakanna gefist kostur á að fara í

*ferðina auk annarra fulltrúa aðildarsveitarfélaga.
Stefnt að því að fara í ferðina um miðjan mars 2020.*

4. Skattlagning orkumannvirkja - 1804001SO

Formaður greinir frá stöðu í starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja 2019.

Formaður greindi frá stöðu í starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja.

Fundi var slitið kl. 12:15

Stefán Bogi Sveinsson

Árni Eiríksson

Ása Valdís Árnadóttir

Dagbjört Jónsdóttir

Ragnhildur Haraldsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Valdimar O. Hermannsson